

ósannað að hann hafi getað endurborgað hann, og í þriðja lagi bar hreppsnefnd Skarðstrand 111 arhrepps enga skyldu til þess að bera undir hreppsnefnd Fellstrandarhrepps, hvort veita ætti 1. nóvbr. Jóni fátækrastrýk eða ekki.

Með því að enginum ágreiningur er um sveitfesti Jóns Guðbrandssonar, álit jeg að hreppsnefnd Fellstrandarhrepps beri að greiða fátækrastrýki Skarðstrandarhrepps hinn umrædda fátækrastrýk að upphæð 15 kr.

**Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um að Kefla- 112
vík í Gullbringusýslu verði gjörð að póstafrgreiðslustað.** 7. nóvbr.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi dags. 30. f. m., skal hjer með ákveðið, að í stað brjefhirðingar þeirrar, sem nú er í Keflavík, verði þar sett á stofn póstafrgreiðsla frá næsta nýjári að telja.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til frekari ráðstafana eptir því, sem við á.

**Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um að Húsa- 113
vík í Sudurþingeyjarsýslu verði gjörð að póstafrgreiðslustað.** 7. nóvbr.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi dags. 30. f. m., skal hjer með ákveðið, að í stað brjefhirðingar þeirrar, sem nú er í Húsavík, verði þar sett á stofn póstafrgreiðsla frá næsta nýjári að telja.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til frekari ráðstafana eptir því, sem við á.

**Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um flutning 114
póstafrgreiðslunnar á Borgum í Nesjahreppi að Hólum í sama 7. nóvbr.
hreppi. (Ágrip).**

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi dags. 16. sept. þ. á., hefir stjórnarráðið ákveðið, að póstafrgreiðslan á Borgum í Nesjahreppi í Austur-
skapafellssýslu skuli flutt að Hólum í sama hreppi.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um end- 115
urgjald á veittum sveitarstrýk.** 21. nóvbr.

Sýslumaðurinn í Árnassýslu hefir lagt undir úrskurð stjórnarráðsins ágreining milli hreppsnefndanna í Hrunamannahreppi í tjeðri sýslu og Sauðárhrepps í sýslu yðar, herra sýslumaður, útaf sveitarstrýk veittum Hafliða nokkrum Gunnarssyni veturinn 1903—1904.